

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins. Þar skulu og bókaðar allar samþykktir stjórnar, tillögur og ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum hverju sinni.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Stjórnin leggur endurskoðaða reikninga sjóðsins fyrir sýslunefnd til staðfestingar.

## 11. gr.

Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu kýs sjóðnum endurskoðendur til eins árs í senn.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Byggingaþjónustuna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. mars 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Byggingaþjónustuna.

Arkitektafélag Íslands, Húsnæðismálastofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, öll í Reykjavík, hafa orðið ásátt um að koma á fót stofnun, sem reki upplýsingaþjónustu á sviði byggingariðnaðar, byggingartækni og byggingarlistar og í framhaldi af þessu samkomulagi setja þessir aðilar stofnuninni eftirfarandi skipulagsskrá:

## 1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og nafn hennar er Byggingaþjónustan. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Markmið Byggingaþjónustunnar er, að hún sé vettvangur íslenskra byggingarmála, m. a. með því að auðvelda mönnum kynni af hvers konar byggingarefnum og notkun þeirra, að gangast fyrir umræðum um málefni byggingariðnaðar, byggingartækni og byggingarlistar, að stuðla að endurmenntun og fræðslu fagmanna á sviði þessara faggreina, að gefa húsbyggjendum og tæknimönnum kost á hlutlausum upplýsingum um byggingarmálefni, að leggja áherslu á kynningu á íslenskri byggingar-efnaframleiðslu, að starfrækja tæknibókasöfn, að halda byggingarefnaskrá og starfrækja verðbanka og aðstoða við kostnaðaráætlanir og útboðsgerð.

## 3. gr.

Heimilt skal Byggingaþjónustunni að starfrækja útibú hvar sem er á landinu.

## 4. gr.

Stofnframlög stofnenda eru sem hér segir:

Arkitektafélag Íslands .....	kr. 10 000 000.00
Húsnæðismálastofnun ríkisins .....	— 10 000 000.00
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins .....	— 10 000 000.00

---

Samtals kr. 30 000 000.00

Framlag Arkitektafélag Íslands er andvirði eigna Byggingaþjónustu Arkitektafélags Íslands, en það fyrirtæki verður lagt niður um leið og gengið hefir verið frá stofnun Byggingaþjónustunnar. Stofnframlög skulu innt af hendi, þegar stjórn stofnunarinnar ákveður.

## 5. gr.

Tekjur Byggingaþjónustunnar eru andvirði seldrar þjónustu, svo og framlög þeirra, er standa að stofnun Byggingaþjónustunnar og annarra, er síðar kunna að gerast aðilar að henni, sbr. 6. gr. skipulagsskrár þessarar.

Tekjum stofnunarinnar og eignum má einungis verja í samræmi við markmið stofnunarinnar samkvæmt 2. gr.

## 6. gr.

Leita skal samstarfs við sveitarfélög, fagfélög, samtök og stofnanir, sem hagsmuna hafa að gæta í byggingarmálum og gefa þeim kost á aðild að Byggingaþjónustunni. Stofnframlag hvers framangreindra aðila skal vera 2 milljónir króna miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1979, sem er 258 stig. Heimilt er að greiða framlagið á tveim árum, en það skal þá breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

## 7. gr.

Aðilar að Byggingaþjónustunni skv. 4. gr. og 6. gr. tilnefna einn mann hver í fulltrúaráð til fjögurra ára og annan til vara. Stjórnarmenn skv. 8. gr. skulu allir tilnefndir í fulltrúaráðið. Halda skal minnst tvo fundi á ári í fulltrúaráðinu. Fulltrúaráðið kys úr sínum hóp tvo menn í stjórn, sbr. 8. gr.

Fulltrúaráð er ráðgefandi og gerir tillögur til stjórnar.

## 8. gr.

Byggingaþjónustan lýtur stjórn fimm manna. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn mann, Húsnæðismálastofnun ríkisins einn og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins einn og eru þessir þrír stjórnarmenn kjörnir til fjögurra ára. Tveir stjórnarmanna eru kjörnir af fulltrúaráðinu, sbr. 7. gr., til tveggja ára. Í fyrsta sinn skal þó annar stjórnarmanna vera kjörinn til eins árs. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Framangreindir aðilar tilnefna jafnmarga varamenn í stjórn.

Undirskrift þriggja stjórnarmanna skuldbindur stofnunina. Stjórnarfundir eru lögmætir ef mættir eru þrír stjórnenda. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnarmenn skulu skrá stutta skýrslu um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

## 9. gr.

Stjórnin hefur almenna umsjón með rekstri og fjárhag stofnunarinnar.

## 10. gr.

Stjórn Byggingaþjónustunnar ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar laun hans. Framkvæmdastjóri ræður starfslið í samráði við stjórn Byggingaþjónustunnar.

## 11. gr.

Árlega skal stjórn Byggingaþjónustunnar á fulltrúaráðsfundi taka fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Grein gerð fyrir fjárhag stofnunarinnar og rekstri síðast liðið reikningsár.
3. Starfsáætlun kynnt.
4. Önnur mál.

## 12. gr.

Stjórnin getur boðað til fundar með aðilum fulltrúaráðsins, þegar hún telur þurfa.

## 13. gr.

Til allra funda skal boða bréflega með viku fyrirvara.

## 14. gr.

Framkvæmdastjórinn semur reikninga Byggingaþjónustunnar árlega og skulu þeir endurskoðaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar vera löggiltur endurskoðandi, sem stjórnin ræður til verksins, en hinn skal kjörinn af fulltrúaráðinu. Kjör-tímabil hans skal vera 4 ár. Löggilti endurskoðandinn skal ráðinn til 4 ára.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

## 15. gr.

Tillögu til breytinga á skipulagsskrá þessari eða tillögu um að leggja Byggingaþjónustuna niður skal komið á framfæri við stjórn Byggingaþjónustunnar, sem skal taka tillöguna svo fljótt sem verða má til athugunar á fullskipuðum stjórnarfundi. Samþykki meiri hluta stjórnar tillöguna skal hún þegar í stað send fulltrúaráðinu, sem tekur hana til meðferðar svo fljótt sem verða má. Ef minnst  $\frac{2}{3}$  hlutar fulltrúaráðsmanna eru mættir á slíkum fundi og  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna a. m. k. samþykkja tillöguna fær tillagan gildi.

## 16. gr.

Nú ákveður fulltrúaráðsfundur samkvæmt 15. gr. að leggja stofnunina niður og skulu eignir stofnunarinnar renna til rannsókna í þágu íslenska byggingariðnaðarins eftir því sem nánar verður ákveðið í tillögunni til slita á stofnuninni.

## 17. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Svövu Finsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. mars 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Svövu Finsen.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir styrktarsjóður Svövu Finsen. Hann er stofnaður af Gísla Finsen til minningar um eiginkonu sína Svövu Finsen.